



2011-2012

FÍLA – Ársskýrsla

Félag Íslenskra
landslagsarkitekta



ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2011-2012

lögð fram á 34 aðalfundi félags íslenskra landslagsarkitekta 13. apríl 2012.

Hönnunarmiðstöð milli kl. 17:00 og 19:00

Stjórn FÍLA

Inga Rut Gylfadóttir, formaður

Björn Jóhannsson, ritari

Sigríður Brynjólfsdóttir, gjaldkeri

Hermann Georg Gunnlaugsson, meðstjórnandi

Þórhildur, meðstjórnandi

Dagskrá fundarins:

- Ársskýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda og IFLA fulltrúa
- Kynning á nýjum félögum
- Lagðir fram skoðaðir reikningar
- Ársgjöld félaga
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Kosning félagskjörinna reikningsskoðenda
- Kosning í nefndir
- Kosning IFLA/EFLA fulltrúa og formanns laganefndar
- Önnur mál

Ársskýrsla þessi verður aðgengileg á heimasíðu félagsins í kjölfar aðalfundar.



FÉLAGIÐ – STARFSEMIN - YFIRLIT

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

Stjórn og verkaskipting

Stjórn 2010-2011:

Hlín Sverrisdóttir, formaður

Birkir Einarsson, ritari

Sigríður Brynjólfssdóttir, gjaldkeri

Hermann Georg Gunnlaugsson, meðstjórnandi

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir, meðstjórnandi

Stjórn 2011-2012:

Inga Rut Gylfadóttir, formaður

Björn Jóhannsson, ritari

Sigríður Brynjólfssdóttir, gjaldkeri

Hermann Georg Gunnlaugsson, meðstjórnandi

Þórhildur, meðstjórnandi

Fastanefndir – hlutverk og markmið

(kallað var eftir skýrslum nefnda – þær sem bárust eru í viðauka)

Dagskrárnefnd:

Skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfund.

Nefndina skipa:

Sif Pálsdóttir,formaður

Matthildur Sigurjónsdóttir

Belinda Engilbertsdóttir

Fagnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samskipti við EFLA í samstarfi við IFLA/EFLA fulltrúa FÍLA sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Með nefndinni starfar heimasíðufulltrúi FÍLA.

Nefndina skipa:

Þórhildur Þórhallsdóttir formaður

Auður Sveinsdóttir

Björn Jóhannsson

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Hermann Georg Gunnlaugsson,formaður

Oddur Þ. Hermannsson

Fríða Björg Eðvarðsdóttir

Menntanefnd:

fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Svanhildur gunnlaugsdóttir, formaður
Kristín Þorleifsdóttir,
Samson B. Harðarson
Björk Guðmundsdóttir

Nefndir um afmörkuð málefni.**Orðanefnd.**

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Starfsárið 2010 – 2011 skipuðu nefndina:

Auður Sveinsdóttir
Samson B. Harðarson
Yngvi Þór Loftsson – formaður

Siðanefnd.

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Starfsárið 2010 – 2011 skipuðu nefndina:

Sigurbjörg Áskelsdóttir formaður
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Helga Aðalgeirsdóttir varamaður
Þórólfur Jónsson

Skoðendur reikninga FÍLA.

Samkvæmt lögum félagsins.
Skoðendur starfsárið 2011 – 2012
Finnur Kristinsson
Þórólfur Jónsson

Starfsemin - yfirlit

Stjórn félagsins hefur unnið að fjölmörgum áhugaverðum málefnum og átt gott samstarf við fjölda félagsmanna, nefnda innan félagsins og hópa utan félagsins. Hér verður stiklað á því helsta sem fram fór á starfsárinu.

Stefnumótunarvinna

Vinna við stefnumótun félagsins hófst haustið 2011 að frumkvæði stjórnar í samstarfi við Harald Á. Hjaltason og félagsmenn FÍLA.

Stefnumótuninni er ætlað að vera rammi fyrir starfsemi félagsins og áherslur starfseminnar á komandi árum.

Við vinnuna var stuðst við Siðareglur og lög félagsins.

Drög að stefnumótun félagsins var kynnt á félagsfundi 1. Mars 2011 og mun hún verða gefin út formlega haustið 2012. Stjórn félagsins leggur áherslu á að félagið muni í framhaldinu vinna á markvissan hátt að þeim markmiðum sem skilgreind verða í stefnumótuninni.

Það hefur komið skýrt fram í stefnumótunarvinnunni allri að áhugi er meðal félagsmanna að félagið verði meira sýnilegt útávið, hjá almenningi, öðrum fagstéttum og ekki síst að vera þátttakendur í faglegri umræðu. Stefna félagsins er sú að vekja athygli umhverfisins á starfsemi félagsins, vekja áhuga fólks, sveitarfélaga og fyrirtækja í þjóðfélaginu á FÍLA.

Fréttabréf

Formaður félagsins sendi út tvö fréttabréf á rafrænu formi á félagsmenn. Eitt á haustönn og eitt á vorönn. Þetta var gert til að koma halda félagsmönnum betur upplýstum um starf stjórnar.

Réttindamál

Miklar umræður hafa spunnist upp um réttindamál okkar eða kannski heldur réttindaleysi okkar. Nauðsynlegt er fyrir félagið að kynna og vekja athygli á háskólanámi og sérþekkingu okkar til þartilbærra aðila og halda áfram að berjast fyrir frekari réttindum félagsmanna. Vinna við þetta aðkallandi mál mun verða eftt á komandi starfsári.

Styrkja fjárhaginn

Hingað til hefur félagið ávallt verið eingöngu rekið af félagsgjöldum. Stefna félagsins er og hefur ávallt verið að sýna ráðdeild í einu og öllu að utanumhald sé skilvirkt, rekjanlegt og gagnsætt. Stjórnin hefur mikinn áhuga á að auka tekjumöguleika okkar á komandi árum með einum eða öðrum hætti. Einn liður í því væri t.d. að sækja um styrki um afmörkuð mállefni. Þannig hefur félagið meiri möguleika rekstrarlega séð, kynningu útávið ofl.

Samstarf við önnur fagfélög

Stjórnir AÍ, FHI og FÍLA hafa hafið formlegar viðræður, að tilstuðlan AÍ, um að efla samstarfið milli félaganna. Mikill vilji er meðal félaganna að efla samstarfið. Það var samröma álit stjórnar félaganna að þau gætu orðið sterkari í samstarfi. Niðurstaðan er sú að best er að byrja hægt og eiga samvinnu um þau hagsmunamál sem öll félögin standa í t.d. að standa vörð um hagsmuni okkar félagsmanna, mál er varða lög og reglur, þáttöku og samvinnu í samkeppnum og nefndum innan félaganna ásamt fleiru. Félögin hafa nú þegar starfað saman í Hönnunarmarsí og gekk samstarfið mjög vel. Einnig höfum við átt samstarf í fagblaðinu Arkitektúr.

Blóm í bæ

Farið var í samstarf við Hveragerðisbæ s.l. sumar um sumarsýninguna í Hveragerði, Blóm í bæ, en þar hefur félagið verið þátttakandi annað hvert ár. Eins og alltaf er í nógu að snúast við þesskonar viðburði. Það var þó frekar dræm þátttaka meðal FÍLA félaga í fyrirhuguðum uppákomum og samkeppni sem haldin var.

Erlent samstarf

Það er mikill hugur í mönnum í erlendu samstarfi bæði innan Norrænu félaganna og EFLA að sameinast enn frekar að hagsmunamálum okkar og vera meira sýnileg fyrir hvort öðru. Skrifað hefur verið undir samkomulag um að styrkja norrænu tengslin enn frekar.

Ritstjóri danska landslagsarkitektatímaritsins, Landskap hefur mikinn áhuga á að efla enn frekar samstarf um útgáfu blaðsins og að fá innsendar greinar frá öllum Norðurlöndunum.

Norræna húsið

Farið var í samstarf við Norræna húsið um Hugmyndasamkeppni umhverfis Norræna húsið. Í þetta samstarf bættist svo Hönnunarmiðstöðin. Þessi viðburður var meðal annars einn af viðburðum okkar í Hönnunarmarsí og var gott tækifæri fyrir okkur og góð reynsla. Opnuð var svo sýning á innsendum

tillögum á Hönnunarmarsí sem fékk nafnið Dýrðin, dýrðin ásamt því að gerð var stuttmynd um friðlandið við Norræna húsið sem sýnd var samhliða sýningunni í sýningarrýminu. Fenginn var sýningarstjóri, Tinna Ottesen, við uppsetningu á sýningu og gerð stuttmyndarinnar.

Í framhaldi af samkeppninni var haldið málþing fyrir almenning og fagaðila þar sem félagsmenn héldu fjölbreytt erindi. Stig Lennard Andersen hóf málþingið viku fyrr þar sem hann sat í dómnefnd Hugmyndasamkeppninnar og var á landinu þá. Heiti málþingsins var „**Í hvernig bæjum og borgum viljum við búa í**“.

Nýir félagsmenn

Fjórir nýir félagsmenn gengu í félagið á starfsárinu og bjóðum við þær hjartanlega velkomnar. Þær eru:

Marta María Jónsdóttir
Kt. 070676-5409
800 Selfoss
Útskrifuð: Københavns Universitet 20.12.2010

Britta Magdalena Ágústsdóttir
Kt. 180682-5899
Reykjavík
Útskrifuð: Københavns Universitet 18.10.2010

Heiða Hrund Jack
Kt. 051178-4759
Reykjavík
Útskrifuð: The University of Edinburgh 01.07.2010

Íris Reynisdóttir
Kt. 240479-5679
Akranes
Útskrifuð: Københavns Universitet 17.09.2010

Löggilding

Til viðbótar við nýja félagsmenn fékk löggildingu:

Heiða Aðalsteindóttir
Kt. 270681-3959
Útskrifuð: University of Gloucestershire 04.06.2010





Félagsmenn:

Félagsmenn í félaginu voru á starfsárinu samtals: 78

Skipting:

A-gjald er fullt félagsgjald	51 félagsmaður
B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	0 félagsmaður
C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: - félagar sem eru búsettir erlendis. - nýir félagar fyrstu þrjú árin eftir útskrift. - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.	18 félagsmenn
D-gjald er 10% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.	7 félagsmenn
Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri , er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	2 félagsmenn



Félagsfundir og opin dagskrá FÍLA starfárið 2010 – 2011 – yfirlit helstu atriða.

Aðalfundur FÍLA var haldinn þriðjudaginn 22. mars á Sólon.

Hönnunarmars var haldinn 24.-27 mars með þátttöku FÍLA.

Fimm félagsfundir voru haldnir á starfsárinu, þrír fyrir áramót og tveir eftir áramótin. Til viðbótar bættist við vegleg dagskrá okkar á Hönnunarmars.

Þriðjudaginn 20. september var fyrsti félagsfundur FÍLA veturinn 2011-2012 haldinn í húsakynnum Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Framkvæmdarstjóri Hönnunarmiðstöðvarinnar, Halla Helgadóttir kom og kynnti miðstöðina fyrir okkur. Hún fræddi okkur m.a. um; hvernig hún varð til, hvernig eignarhaldi og rekstri er fyrirkomið, hvaða félög standa að baki henni og markmið hennar. Einnig upplýsti hún okkur um hvaða brautryðjandastarf þar er unnið og kynnti ýmsar forvitnilegar tölulegar upplýsingar. Hún sýndi m.a. glæru með tölulegum upplýsingum um framlag ríkisins til hinna ýmsu listgreina. Það er greinlegt að okkar geiri á verulega undir högg að sækja þar. Stærsta verkefni Hönnunarmiðstöðvarinnar er umsjón HönnunarMarssins, en könnun frá Capasent sýnir að 30.000 íslendingar hafa tekið þátt í marsinum á einhvern hátt. Hönnunarmiðstöðin vinnur nú m.a. í því fá hin ýmsu framleiðslufyrirtæki til að taka þátt í Marsinum í þeim tilgangi að reyna efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar, en þar erum við miklir eftirbátar nágrannaþjóða okkar.



Borghildur Sturludóttir hjá Arkitektafélagi Íslands kom og kynnti fyrir okkur þá stefnumótunarvinnu sem þau fóru í fyrir nokkrum árum og FÍLA ætlar að fara í. Rætt var um samvinnugrundvöll félaganna og ljóst er að hann er á mörgum sviðum. Hún sagði okkur frá mikilli vinnu þeirra í samkeppnismálum og samskiptum við opinbera aðila. Það er augljóst að félagið þeirra nær að gera ýmislegt sem FÍLA gerir ekki enda með 1,5 starfsmann í vinnu.

13 félagsmenn mættu á fundinn.

Norrænn stjórnarfundur í september

Í september fór formaður FÍLA, Inga Rut Gylfadóttir á norrænan stjórnarfund í Kaupmannahöfn. Þar var margt rætt og mikill hugur í mönnum að sameina kraftana til að vinna betur að hagsmunamálum félaganna. Einnig var rætt um mikilvægi þess að vera sýnilegri fyrir hvort öðru og í hinu evrópska umhverfi.

Í fyrri var skrifað undir samkomulag þess efnis að styrkja norrænu tengslin enn frekar. Hugmynd var uppi um að koma á Norrænum landslagsarkitektaverðlaunum svokölluðum "Sven-Ingvar Anderssen Medaljen". Þegar komið var að fjármögnunarþættinum gekk það ekki



eftir. Ætlunin var að fá styrk frá Norrænu ráðherranefndinni sem tókst ekki í þetta sinn. Menn eru þó ekki af baki dottnir og ætla að halda þessum bolta á lofti og sjá hvort einhversstaðar leynast aðrir möguleikar í fjármögnum á slíkum verðlaunum.

Anne Marie Lund ritstjóri danska landslagsarkitektablaðsins Landskap hefur lagt fram tillögu þess efnis að blaðið fari úr því að vera danskt blað og verði þess í stað norrænt. Hún sér fyrir sér að einn aðili frá hverju landi muni sitja í ritnefnd sem breytir blaðinu að vild. Þetta gerist þó ekki í einum svipan þó allir aðilar hafi sýnt þessu mikinn áhuga. Bæði Noregur, Svíþjóð og við á Íslandi erum í öðru samstarfi varðandi útgáfu á fagblöðum, flest í samstarfi við

arkitektafélögin en eins og Anne Marie og fleiri komu inn á er blað sem fjallar einungis um landslagsarkitektúr öðruvísi en blað sem gefið er út með öðrum fagstéttum þar sem byggingar eru oft í hásetinu. Í ritnefnd Landskap sitja nú fulltrúar frá Norðurlöndunum og fyrir okkar hönd er þar Valdimar Harðarson.

Alþjóðþing Efla í Tallin

Aðalþing EFLA var haldið í höfuðborg Eistalands í Tallin á haustmánuðum. Þangað komu fulltrúar og formenn nær allra aðildarfélaganna í Evrópu. Fyrir hönd FÍLA fóru formaður Inga Rut Gylfadóttir og EFLA fulltrúi félagsins Þórhildur Þórhallsdóttir.

Fyrir utan almenn fundarsköp fór mikill tími í umræður um málefni sem liggja á landslagsarkitektum í Evrópu. Vakti það athygli okkar að víða eru sömu áhyggjur af því að landslagsarkitektar eru ekki nægilega sýnilegir í fjölmiðlaumræðu. Það er því ekki séríslenskt vandamál. EFLA hefur verið að leggja áherslu á þessi mál og vill styðja við aðildarfélögin í að kynna sig og fagið í heimalöndum sínum. Einnig hefur verið lögð mikil vinna í heimasíðu samtakanna. Á aðalfundinum kynnti ritari EFLA vinnu sem hefur farið fram í að endurskoða fréttaveitu samtakanna. Nú er hægt að nálgast stuttar fréttir: EFLA brief news á heimasíðunni <http://europe.iflaonline.org/> og er öllum frjálst að leggja til efni á þá síðu. En einnig stefna samtökin að því að gefa út veftímarit (EFLA journal/online magazine) tvisvar á ári þar sem lengri greinar verða birtar.

Miklar umræður urðu um Evrópska landslagssamninginn (ELS) þar sem ítrekað var mikilvægi þess að huga að næstu skrefum, þ.e. hvernig samningurinn skal virkjaður og notaður. Huga þarf sérstaklega að því að hann endi ekki sem enn eitt skúffuplaggið eins og margir vildu meina að staða hans væri í dag. Vakin var athygli á bók sem EFLA gaf út á síðasta ári: Landscape 10, European Landscape Convention, Before and After. Þar er fjallað um ýmis málefni er varða samninginn og reynslu af honum hingað til. Bókin er hægt að kaupa á heimasíðu EFLA <http://europe.iflaonline.org/>

Á aðalfundinum voru tvö ný lönd tekin inn, Lettland og Litháen og eru þau nú fullir meðlimir samtakanna. Einnig sótti Búlgaría og Eistland um inngöngu og verða þau vonandi tekin inn sem fullgildir meðlimir á næsta aðalfundi.

Við sem sóttum fundinn fyrir hönd FÍLA sáum glögglega kostina við að félagið sé aðili að alþjóðlegum samtökum eins og EFLA. Á aðalfundum er kjörið tækifæri til að hitta fólk frá öðrum aðildarfélögum, möguleikar að kynna félagið okkar og heyra reynslusögur annarra félaga og hvernig tekið er á málum í öðrum löndum. Öll sú vinna sem unnin er hjá EFLA er sjálfböðavinna og er þar unnið mikið og óeigingjarnt starf.

Stefnumótunarfundur FÍLA var haldinn fimmtudaginn 10. nóvember á Kaffi Reykjavík.

Haraldur Á. Hjaltason leiddi fundinn og var markmið hans að móta áherslur FÍLA og leiða félagið inn í framtíðina. Unnið var í hópum sem ræddu ákveðin málefni og kynnu þeir niðurstöður sínar fyrir fundargestum. Góðar og miklar umræður fylgdu í kjölfarið.

Fundurinn var gífurlega vel sóttur og skilaði góðum efniviði fyrir stjórn FÍLA.

Jólafundur FÍLA þetta árið var haldinn 1. desember í húsnæði Hönnunarmiðstöðvarinnar að Vonarstræti.

Fundurinn hófst með því að jólakveðja frá Noregi var lesinn og þökkum við góðar kveðjur frá kollegum okkar þar.

Helena Guttormsdóttir listamaður og kennari við landbúnaðarháskólann kom og kynnti mastersverkefnið sitt „Að horfa er skapandi athöfn – sjónrænir þættir í íslensku landslagi“. Í verkefninu leitast hún við að svara þeirri spurningu hvort yfirfæra má þá atferðafræði sem Simon Bell hefur þróað til að skoða grunnþætti listforma og landslags til að greina myndmál landslags sem umlykur okkur daglega í íslensku landslagi. Svæðið sem hún skoðaði til að leita svara við spurningunni var leiðin sem hún ferðaðist daglega frá Reykjavík til Hvanneyrar. Hún notaði myndefni til að sýna hvernig við upplifum punkt í landslagi, lífrænar náttúrulegar línur, lífrænar manngerðar línur, lóðréttu fleti o.s.fr. Niðurstaða hennar er sú að yfirfæra má aðferðafræðina á landslag og hægt er að hagnýta hana, t.d. er mögulegt að tengja hana við námsgreinar á öllum skólastigum. Að lokum vorum svo heppin að fá Baggalút í heimsókn, en þeir kynntu nýútkomnar bækur sínar Riddararaddir og Týndu jólasveinarnir. Mikið hlegið enda er það skoðun margra að þeir séu fyndnustu menn Íslands þessa dagana.



Félagsfundur Kjarvalsstöðum

Fyrsti félagsfundur ársins var haldinn á Kjarvalstöðum þriðjudaginn 31. janúar. Félagar skoðuðu farandsýningu norsku arkitektastofunnar Snøhetta undir leiðsögn Hugrúnar Þorsteinsdóttir arkitekts. Sýningin var fyrst sett upp árið 2009 í tilefni af 20 ára afmæli stofunnar og hefur hún farið víða síðan. Líkön, ljósmyndir, hreyfimyndir og gagnvirkir snertiborð er notað til að sýna helstu verkefni stofunnar og er óhætt að segja að þar fáiast kollegar okkar við fjölmörg spennandi og óvenjuleg verkefni af öllum stærðargráðum.

Stofan öðlaðist alþjóðlegan sess þegar hún vann opna samkeppni um Bókasafnið í Alexandaríu og styrkti hana



enn frekar þegar hún vann samkeppnina um óperuhúsið í Osló. Snöhetta hefur m.a. verið að hasla sér

völl í Austurlöndum fjær og nægir þar að nefna þekkingar- og menningarmiðstöð Abdulazizar konungs, og Ras Al Kjaimah-borgarhlíðið.

Snöhetta er sérstaklega áhugaverð fyrir okkur landslagsarkitekta þar sem óhætt er að segja að hún hugi vel að tengslum milli landslags og arkitektúr í öllum sínum verkum. Stofan er með starfsstöðvar bæði í Osló og New York og vinna þar arkitektar, landslagsarkitektar innanhúshönnuðir og iðnhönnuðir sem einnig vinna náið saman með listamönnum og verkfræðingum.

Ágætis mæting var á fundinn (14 manns) og notuðu margir tækifærið til að fá sér hádegismat í kaffiteríunni að sýningu lokinni.

Félagsfundur 1. mars

Annar félagsfundur ársins var haldinn þann 1. mars í húsnæði Hönnunarmiðstöðvar Íslands í Vonarstræti. Tveir nýir félagsmenn kynntu lokaverefnin sín en það voru þær Heiða Jack og Kristborg Traustadóttir

Heiða kynnti verkefnið sitt um skiplag Vatnsmýrarinnar og nánari hönnun á BSÍ reitnum sem hún útfærði sem almenningsgarð. Hún sýndi og fór yfir plansana eins og hún skilaði þeim til dómnefndar. Yfirgripsmikið verkefni enda svæðið stórt, umdeilt og liggur í hjarta borgarinnar. Áhugavert að sjá hvernig Vatnsmýrin gæti litið út ef flugvöllinn yrði fjarlægður. Heiða útskrifaðist árið 2010 frá Edinburgh College of Art.

Verkefni Kristbjargar var tillaga á meðferðargarði fyrir fólk sem þjáist af streituröskun. Hún fór yfir hinar ýmsu kenningar um hvernig „rétt“ umhverfi getur haft góð áhrif á líðan fólks sem þjáist af þessu meini. Hún sýndi hönnun sína að meðferðagarði í Hveragerði og útskýrði hvernig hún notfærði viðurkenndar kenningarnar við hönnun hans. Kristborg útskrifaðist frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2011

Við þökkum Heiðu og Kristbjörgu kærlega fyrir áhugaverðar kynningar og bjóðum þær hjartanlega velkomnar í félagið.

Formaður kynnti drög af stefnumótunarskýrslu stjórnar. Þar kemur skýrt fram að áhugi er meðal félagsmanna að félagið verði sýnilegra gagnvart almenningi, öðrum fagstéttum og ekki síst þátttakendum í faglegri umræðu. Gildi félagsins voru valin: sérþekking, fagmennska, skapandi og umhverfisgæði. Miklar umræður hafa spunnist um réttindamál okkar eða kannski heldur réttindaleysi. Nauðsynlegt er fyrir félagið að vekja athygli á málinu til þar tilbærra aðila og halda áfram að berjast fyrir réttindum félagsmanna. Upp hefur komið hugmynd að skipa sérstakan vinnuhóp í þetta aðkallandi mál.

12 félagsmenn mættu á fundinn.

Nýtt starfsár

Nýtt starfsár stjórnar er nú að hefjast og lítum við björtum augum til þess. Margt spennandi og áhugavert er framundan sem vonandi mun efla okkur og styrkja enn frekar. Stjórnin mun gera allt til þess að starfsárið verði okkur til sóma og ánægju.

Þökkum fyrir samstarfið með von um gott starfsár og samvinnu áfram.

Viðaukar

Viðauki 1: Skýrslur einstakra nefnda starfsárið 2011 - 2012



IFLA/EFLA nefnd - starfsárið 2011-2012

FYRIR AÐALFUND FÍLA 13. Apríl 2012

Eins og áður hefur komið fram í fréttabréfi frá febrúar 2012 fóru tveir fulltrúar FÍLA á aðalfund EFLA 2011, Inga Rut Gylfadóttir formaður FÍLA og Þórhildur Þórhallsdóttir IFLA/EFLA fulltrúi félagsins. Aðalfundur IFLA var haldinn í Sviss en FÍLA sendi engan fulltrúa á þann fund.

Aðalfundur EFLA var að þessu sinni haldinn í Tallin, höfuðborg Eistlands en í mörg ár hefur aðalfundur EFLA verið haldinn í Brussel þar sem samtökin hafa höfuðstöðvar sínar. Nú hefur verið ákveðið að aðalfundirnir muni verða haldnir í mismunandi aðildarlöndum frá ári til árs. Með þessari nýbreytni má búast við að það verði hörð barátta milli landanna að fá að halda aðalfund í sínu landi. Þessa mátti strax gæta á fundinum í Tallin þegar kom að því að ákvarða hvar fundir yrðu haldnir 2012 og 2013. Í júní næstkomandi verður aðalfundur haldin í St. Pétursborg í tengslum við stóra alþjóðlega ráðstefnu og var almenn sátt með þá staðsetningu. En fyrir árið 2013 buðu bæði Frakkland og Þýskaland sig fram sem fundarstað. Í Þýskalandi á þýska samband landslagsarkitekta (BDLA) á 100 ára afmæli á því ári en í Frakklandi verður haldin ráðstefna í Versöllum. Tekist var á um hvorn fundarstaðinn ætti að velja og varð Þýskaland á endanum fyrir valinu og vonbrigðin leyndu sér ekki hjá Frökkum. Síðan héldu áfram umræður um framtíðarfundarstaði, Lettlandi vill gjarnan að aðalfundurinn verði haldinn í Riga 2014 og Noregur býður einnig fram fundarstað það ár og hafa í huga að tvinna saman aðalfund EFLA og nemendasamtökin ELASA með fyrirlestrum. Þarna virðist vera að myndast nýjar hefðir þar sem aðalfundirnir verða haldnir í mismunandi aðildarlöndum og ljóst er að það verður barátta um að vera gestgjafar. Ef FÍLA hefur áhuga á að vera gestgjafi er gott að hafa góðan fyrirvara en einnig góða ástæðu eins og stórafmæli, ráðstefnu eða annað.

Að öðru leyti er það um aðalfundinn að segja að hann stóð yfir í einn og hálfan dag og drjúgur hluti tímans fór í almenn fundarsköp, samþykktir á ársskýrslum nefnda og fjármálum samtakanna. Áherslumál eru ímynd og staða fagsins í Evrópu og menntamál. Í öllu þessu eru staðlar mikilvægir, viðurkenning á námi og menntun landslagsarkitekta sem og viðurkenning og löggilding á starfsheiti. Allt þetta er mjög mismunandi milli aðildarlandanna og í dag beinast sjónir að því hversu mikilvægt er að samræma þetta eftir bestu getu. Evrópusambandið er að undirbúa rammaáætlun fyrir hvernig best er að útbúa samræmdar reglugerðir til auðvelda menntafólki að fara á milli meðlimslanda án þess tapa réttindum sínum og hér vill EFLA leggja áherslu á að vera með í bátinum.

Undanfarið hefur verið rætt um aukið samstarf milli FÍLA og AÍ, en slíkt er greinilega einnig á dagskrá á alþjóðavettvanginum. Í mars síðastliðnum undirrituðu forsetar IFLA (International Federation of Landscape Architects) og UIA (International Union of Architects) endurbætt samkomulag milli samtakanna sem er byggt á eldra samkomulagi frá árinu 2006. Þar er fagþekking og séreinkenni meðlima hvors samtaka fyrir sig viðurkennd og hjá báðum félögum er ósk um að halda áfram kynningu á arkitektúr og landslagsarkitektúr í því skyni að auka skilning á mikilvægi umhverfisins og þann þátt sem arkitektúr á í að gera samfélögin betri. Stefnt er að því að IFLA og UIA muni saman útbúa áætlun um aðgerðir og ráðleggingar sem verða lagðar fyrir stjórnir samtakanna sem miða að því að auka samstarfið enn frekar.

Að lokum minni ég á heimasíðurnar þar sem sífellt er verið að bæta inn mikilvægum upplýsingum og áhugaverðum fréttabréfum: <http://iflaonline.org/> og <http://europe.iflaonline.org/>

IFLA/EFLA fulltrúi FÍLA
Þórhildur Þórhallsdóttir

FAGNEFND FÍLA - starfsárið 2011-2012

FYRIR AÐALFUND FÍLA 13.mars 2012

Nefndarmenn: Auður Sveinsdóttir, Björn Jóhannsson, Þórhildur Þórhallsdóttir formaður

Hlutverk nefndar: Fagnefnd annast tengslamál félagsins innan sem utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samskipti við EFLA í samstarfi við IFLA/EFLA fulltrúa FÍLA sem jafnframt er formaður nefndarinnar og stjórnarmaður.

Árið: Eftir að fagnefndin tók upp á því að skiptast upp í smærri einingar og sprota á árinu 2009 með góðu samstarfi við Norræna Húsið virðist sem erfitt sé að koma nefndinni áfram í þökkalega farveg á ný. Engir fundir voru haldnir starfsárinu sem er að líða.

Fyrir hönd fagnefndar
Þórhildur Þórhallsdóttir



SKÝRSLA DAGSKRÁRNEFNDAR 2011- 2012

Dagskrárnefnd FÍLA veturinn 2010-2011 var skipuð þeim Belindu Eir Engilbertsdóttur, Matthildi Sigurjónsdóttur og Sif Hjaltdal Pálsdóttur.

Dagskrá vetrarins var undirbúin af dagskrárnefnd í samvinnu við stjórn FÍLA. Línur voru lagðar í september en dagskráin tók breytingum eftir því sem á veturinn leið og var aðlöguð öðru starfi og upptákum.

20. september 2011– Almennur félagsfundur

Þriðjudaginn 20. september var fyrsti félagsfundur FÍLA á þessum vetri haldinn í húsakynnum Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Framkvæmdarstjóri Hönnunarmiðstöðvarinnar, Halla Helgadóttir kom og kynnti miðstöðina fyrir okkur. Hún fræddi okkur m.a. um; hvernig hún varð til, hvernig eignarhaldi og rekstri er fyrirkomið, hvaða félög standa að baki henni og markmið hennar. Einnig upplýsti hún okkur um hvaða brautryðjandastarf þar er unnið og kynnti ýmsar forvitnilegar tölulegar upplýsingar. Hún sýndi m.a. glæru með tölulegum upplýsingum um framlag ríkisins til hinna ýmsu listgreina. Það er greinlegt að okkar geiri á verulega undir högg að sækja þar. Stærsta verkefni Hönnunarmiðstöðvarinnar er umsjón HönnunarMarssins, en könnun frá Capasent sýnir að 30.000 Íslendingar hafa tekið þátt í marsinum á einhvern hátt. Hönnunarmiðstöðin vinnur nú m.a. í því fá hin ýmsu framleiðslufyrirtæki til að taka þátt í Marsinum í þeim tilgangi að reyna efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar, en þar erum við miklir eftirbátar nágrannaþjóða okkar.

Borghildur Sturludóttir hjá Arkitektafélagi Íslands kom og kynnti fyrir okkur þá stefnumótunarvinnu sem þau fóru í fyrir nokkrum árum og FÍLA ætlar að fara í. Rætt var um samvinnugrundvöll félaganna og ljóst er að hann er á mörgum sviðum. Hún sagði okkur frá mikilli vinnu þeirra í samkeppnismálum og samskiptum við opinbera aðila.

13 félagsmenn mættu á fundinn.

10. nóvember 2011 - Stefnumótunarfundur FÍLA

Stefnumótunarfundur FÍLA var haldinn fimmtudaginn 10. nóvember á Kaffi Reykjavík. Haraldur Á. Hjaltason leiddi fundinn og var markmið hans að móta áherslur FÍLA og leiða félagið inn í framtíðina. Unnið var í hópum sem ræddu ákveðin málefni og kynnu þeir niðurstöður sínar fyrir fundargestum. Góðar og miklar umræður fylgdu í kjölfarið.

Fundurinn var gífurlega vel sóttur og skilaði góðum efniviði fyrir stjórn FÍLA.

1. desember 2011 - Jólafundur

Jólafundur FÍLA þetta árið var haldinn 1. desember í húsnæði Hönnunarmiðstöðvarinnar að Vonarstræti. Fundurinn hófst með því að jólakveðja frá Noregi var lesinn og þökkum við góðar kveðjur frá kollegum okkar þar.

Helena Guttormsdóttir listamaður og kennari við landbúnaðarháskólann kom og kynnti mastersverkefnið

sitt „Að horfa er skapandi athöfn – sjónrænir þættir í íslensku landslagi“ Í verkefninu leitast hún við að svara þeirri spurningu hvort yfirfæra má þá atferðafræði sem Simon Bell hefur þróað til að skoða grunnþætti listforma og landslags til að greina myndmál landslags sem umlykur okkur daglega í íslensku landslagi. Svæðið sem hún skoðaði til að leita svara við spurningunni var leiðin sem hún ferðaðist daglega frá Reykjavík til Hvanneyrar. Hún notaði myndefni til að sýna hvernig við upplifum punkt í landslagi, lífrænar náttúrulegar línur, lífrænar manngerðar línur, lóðréttu fleti o.s.fr. Niðurstaða hennar er sú að yfirfæra má aðferðafræðina á landslag og hægt er að hagnýta hana, t.d. er mögulegt að tengja hana við námsgreinar á öllum skólastigum.

Að lokum vorum svo heppin að fá Baggalút í heimsókn, en þeir kynntu nýútkomnar bækur sínar Riddararaddir og Týndu jólasveinarnir.

Fundurinn var vel sóttur.

31. janúar 2012 – Almennur félagsfundur - Kjarvalsstaðir

Fyrsti félagsfundur ársins var haldinn á Kjarvalstöðum, í hádeginu, þriðjudaginn 31. janúar. Félagar skoðuðu farandsýningu norsku arkitektastofunnar Snöhetta undir leiðsögn Huguðar Þorsteinsdóttir arkitekts. Sýningin var fyrst sett upp árið 2009 í tilefni af 20 ára afmæli stofunnar og hefur hún farið víða síðan. Líkön, ljósmyndir, hreyfimyndir og gagnvirk snertiborð er notað til að sýna helstu verkefni stofunnar og er óhætt að segja að þar fáiast kollegar okkar við fjölmörg spennandi og óvenjuleg verkefni af öllum stærðargráðum.

Stofan öðlaðist alþjóðlegan sess þegar hún vann opna samkeppni um Bókasafnið í Alexandaríu og styrkti hana enn frekar þegar hún vann samkeppnina um óperuhúsið í Osló. Snöhetta hefur m.a. verið að hasla sér völl í Austurlöndum fjær og nægir þar að nefna þekkingar- og menningarmiðstöð Abdulazizar konungs, og Ras Al Kjaimah-borgarhlíðið.

Snöhetta er sérstaklega áhugaverð fyrir okkur landslagsarkitekta þar sem óhætt er að segja að hún hugi vel að tengslum milli landslags og arkitektúr í öllum sínum verkum. Stofan er með starfsstöðvar bæði í Osló og New York og vinna þar arkitektar, landslagsarkitektar innanhúshönnuðir og iðnhönnuðir sem einnig vinna náið saman með listamönnum og verkfræðingum.

Ágætis mæting var á fundinn (14 manns) og notuðu margir tækifærið til að fá sér hádegismat í kaffiteríunni að sýningu lokinni.

1. mars 2012 – Almennur félagsfundur

Annar félagsfundur ársins var haldinn þann 1. mars í húsnæði Hönnunarmiðstöðvar Íslands í Vonarstræti. Tveir nýir félagsmenn kynntu lokaverefnin sín en það voru þær Heiða Jack og Kristborg Traustadóttir. Heiða kynnti verkefnið sitt um skiplag Vatnsmýrarinnar og nánari hönnun á BSÍ reitnum sem hún útfærði sem almenningsgarð. Hún sýndi og fór yfir plansana eins og hún skilaði þeim til dómnefndar. Yfirgripsmikið verkefni enda svæðið stórt, umdeilt og liggur í hjarta borgarinnar. Heiða útskrifaðist árið 2010 frá Edinburgh College of Art.

Verkefni Kristborgar var tillaga á meðferðargarði fyrir fólk sem þjáist af streituröskun. Hún fór yfir hinar ýmsu kenningar um hvernig „rétt“ umhverfi getur haft góð áhrif á líðan fólks sem þjáist af þessu meini. Hún sýndi hönnun sína að meðferðagarði í Hveragerði og útskýrði hvernig hún notfærði viðurkenndar kenningarnar við hönnun hans. Kristborg útskrifaðist frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2011.

Formaður kynnti drög af stefnumótunarskýrslu stjórnar. Þar kemur skýrt fram að áhugi er meðal félagsmanna að félagið verði sýnilegra gagnvart almenningi, öðrum fagstéttum og ekki síst þátttakendur í faglegri umræðu. Gildi félagsins voru valin: sérþekking, fagmennska, skapandi og umhverfisgæði. Miklar umræður hafa spunnist um réttindamál okkar eða kannski heldur réttindaleyfi. Nauðsynlegt er fyrir félagið að vekja athygli á málinu til þar tilbærra aðila og halda áfram að berjast fyrir réttindum félagsmanna. Upp hefur komið hugmynd að skipa sérstakan vinnuhóp í þetta aðkallandi mál.

12 félagsmenn mættu á fundinn.



Skýrsla vinnuhóps vegna Hönnunarmars 2011-2012

Vinnuhópur FILA vegna Hönnunarmars 2012 veturinn 2011-2012 var skipaður þeim Björk Guðmundsdóttur sem var verkefnisstjóri, ásamt Svövu Þorleifsdóttur og Heiðu Aðalsteinsdóttur.

Helstu verkefni vinnuhóps á liðnu ári voru:

- **Fundir vegna þátttöku FILA 2012-Málþing:** Verkefnisstjóri sat undirbúningsfundir verkefnastjóra hönnunarmars hjá Hönnunarmiðstöðinni og voru það um 8 fundir. Verkefnisstjóri undirbjó ásamt formanni FILA málþing sem var í Norrænahúsinu 24.mars, verðlaunafhendingu og opnun á sýningu á samkeppninni kringum Vatnsmýrina í samvinnu við Norræna húsið. Formaður FILA og verkefnisstjóri undirbyggðu einnig fyrirkomulag að samkeppninni í samvinnu við Norræna húsið og sátu allmarga fundi vegna þess, ásamt óteljandi samskiptum í tölvupóstum.
- **Samkeppni í Vatnsmýrinni „Dýrðin dýrðin; Vatnsmýrin í framtíðinni Dirrindí“:** Í upphafi sátu Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir í dómnefnd, þar sem sumir töldu það ágallu að tveir aðilar frá sömu teiknistofu sætu í nefndinni, vék undirrituð. Í stað Bjarkar tók Björn Axelsson sæti, og trúnaðarmaður var Guðmundur Rafn Sigurðsson. Var þetta í fyrsta skipti sem FILA fékk greitt fyrir að halda utan um samkeppni.
- **Plakat vegn málþings FILA:** Var unnið af Svövu Þorleifsdóttur í samvinnu vinnuhóp og þótti það takast afar vel til.
- **Uppsetning sýningar:** Heiða Aðalsteinsdóttir var fulltrúi FILA varðandi uppsetningu í Norræna húsinu og tókst vel til.
- **Undirbúningsfundir vegna þátttöku FILA 2013:** Tveir fundir voru haldnir vegna næsta verkefnis FILA í Hönnunarmars 2013 og undirbúnings vegna þeirrar vinnu, ásamt óteljandi tölvupóstum um fyrirkomulag verkefnis.

fyrir hönd vinnuhóps
Björk Guðmundsdóttir

SKÝRSLA MENNTANEFNDAR 2011-2012

Menntanefnd FÍLA veturinn 2011-2012 var skipuð þeim Kristínu Þorleifsdóttur, Björk Guðmundsdóttur, Svanhildi Gunnlaugsdóttur formanni og Samsoni B. Harðarsyni

Helstu verkefni menntanefndar á liðnu ári voru:

- **Umsagnir vegna löggildingu á starfsheiti.** Leitað var til menntanefndar um álit vegna 5 umsókna um löggildingu á starfsheiti og mælti nefndin með löggildingu í öllum tilvikum.
- **Reglur um starfsheiti til lðnaðarráðuneytis.** lðnaðarráðuneytið óskaði eftir að félagið skilaði inn reglum um starfsheitið Landslagsarkitekt og tók menntanefnd saman reglur, sem byggður voru á fyrri vinnu nefndarinnar og skilaði inn til stórnar FÍLA.
- **Fundur vegna samstarfssamnings milli LBHÍ og FÍLA.** Fulltrúi menntanefndar sat fund sem haldinn var að Keldnaholti, en þar var rætt um hvernig halda mætti samstarfssamningi milli LBHÍ og FÍLA meira á lofti og koma á virkara samstarfi. Hugmyndir um tilhögun endurmenntunar voru ræddar sem og ýmislegt fleira. Áætlað að hafa áframhald á þessari vinnu.

fyrir hönd menntanefndar
Svanhildur Gunnlaugsdóttir

SKÝRSLA SIÐANEFNDAR 2011-2012

Tvö mál bárust til siðanefndar sem leystust með sátt.

Fyrir hönd siðanefndar

Þórólfur Jónsson,



Laganefnd FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2011-2012 vegna aðalfundar 13. apríl 2012

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins. Nefndina fyrir starfsárið 2011-2012 skipuðu Hermann Georg Gunnlaugsson formaður, Oddur Hermannsson og Fríða Björg Eðvarðsdóttir.

Enginn formlegur fundur var haldinn á starfsárinu í nefndinni, en í ágúst 2011 komu til nefndarinnar til umsagnar frá Umhverfissráðuneytinu þrjú drög að reglugerðum. Þetta voru drög að byggingarreglugerð, framkvæmdaleyfisreglugerð og reglugerð um landsskipulagsstefnu og sendi félagið inn athugasemdir við allar reglugerðirnar eftir yfirlegu nefndarmanna.

Í byggingarreglugerðinni voru helst gerðar athugasemdir við skilgreiningar á lóð, undirstrikað mikilvægi þess að skilgreina hugtakið lóðaruppdrátt og að slíkur séruppdráttur sé unninn af landslagsarkitekt sem hefur réttindi til að leggja inn séruppdrætti á sínu sérsviði. Einnig var bent á mikilvægi þess að lóðarteikning sé lögð fram samhliða aðaluppdráttum bygginga. Þessi atriði hafa þó ekki náð inn í nýja byggingarreglugerð.

Þegar þetta er ritað er liggur fyrir laganefndinni að fara yfir og veita umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, aukin matsskylda o.fl.) og þar að senda inn umsögn fyrir 13. apríl nk.

Engin önnur formleg lagaerindi bárust nefndinni til umfjöllunar eða umsagnar.

Reykjavík, 3. apríl 2012

Hermann Georg Gunnlaugsson
formaður laganefndar FÍLA



